



Reykjavíkurborg
Barnavernd Reykjavíkur

Alþingi
Erindi nr. P 135/3133
komudagur 28.8.2008

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. ágúst 2008


Umsögn

Allsherjarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Barnaverndarnefndar Reykjavíkur um frumvarp til laga um ættleiðingar, mál 578, gildistími forsamþykkis.

Hefur Barnaverndarnefnd Reykjavíkur engar athugasemdir við frumvarpið.

Beðist er velvirðingar á því hve seint svar við erindinu berst en það má rekja til rangrar skráningar erindisins.

f.h. Barnaverndarnefndar Reykjavíkur


Sigríður María Jónsdóttir, lögfræðingur

Alþingi
Erindi nr. P 135/2973
komudagur 28.5.2008



BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi, nefndasvið
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. maí 2008
Tilvísun : 2008050012

Vísað er til bréfs dags. 2. maí 2008 þar sem óskað er umsagnar Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um ættleiðingar, 578. mál.

Barnaverndarstofa þakkar fyrir að fá tækifæri til að fjalla um frumvarpið og biðst velvirðingar á því að ekki tókst að skila umsögn innan tilskilins frests. Barnaverndarstofa hefur farið yfir efni frumvarpsins og gerir ekki efnislegar athugasemdir.

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu

Hrefna Friðbjörg
Hrefna Friðbjörg

ISLANDS

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2672
komudagur 13.5.2008

Reykjavík, 13. maí 2008

Til nefndasviðs Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Biskupsstofu um
Frumvarp til laga um breyting á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999, með síðari breytingum.

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags.2. maí 2008, þar sem óskað er umsagnar Biskupsstofu um frumvarpið.

Biskupsstofa gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. biskups Íslands

Þorvaldur Karl Helgason, biskupsritari



Hagstofa Íslands

*Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2739
komudagur 14.5.2008*

13. maí 2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um ættleiðingar 578. mál, gildistími forsamþykkis.

Allsherjarnefnd Alþingis hefur leitað umsagnar Hagstofu Íslands um frumvarp til laga um ættleiðingar 578. mál, gildistími forsamþykkis.

Hagstofan álitur að efni frumvarpsins tengist ekki verksviði hennar á beinan hátt og umsögn um það sé því ekki á færi hennar.

Virðingarfyllst

Ólafur Hjálmarsson
hagstofustjóri



ÍSLENSK ÆTTLEIÐING
ICELANDIC ADOPTION SOCIETY

Alþingi
Erindi nr. P 135/2740
komudagur 14.5.2008

Reykjavík 13.05.2008

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík.

Umsögn stjórnar Íslenskrar Ættleiðingar um frumvarp til laga ættleiðingar, 578. mál, gildistími forsamþykkis.

Stjórn Íslenskrar ættleiðingar fagnar þeirri breytingu sem kynnt er í frumvarpinu og heimilar útgáfu forsamþykkis sem gildir í þrjú ár.

Fyrirhuguð breyting er augljóslega til bóta fyrir umsækjendur og er brýnt að hún verði samþykkt vegna hins langa biðtíma sem nú er í flestum erlendum löndum sem ættleitt er frá. Breytingin minnkar álag á stjórnvald og félagsþjónustu/barnaverndarnefndir. Einnig er hún jákvæð fyrir umsækjendur því hún dregur úr kostnaði við endurnýjun skjala, þýðingar og stimplanir.

F.h. stjórnar Íslenskrar ættleiðingar

Ingibjörg Jónsdóttir, formaður

Alþingi
Erindi nr. P 13S/279S
komudagur 16.5.2008



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík


Reykjavík, 13. maí 2008
Tilvísun: UB 0805/4.1.1

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999, með síðari breytingum, mál nr. 578 mál.

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dagsett 2. maí 2008, þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um ofangreint frumvarp.

Undirrituð fagnar framkomnu frumvarpi og væntir þess að það verði samþykkt á hinu háa Alþingi.

Virðingarfyllst,


Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna